

Fundargerð 561

Fimmtudaginn 28. maí 2026 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbra Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Eliásson (AME) forstjóri, Erla Hrunn Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 1 og 2), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. ICAAP skýrsla 2025 - til afgreiðslu
2. Áhættuskýrsla fyrsta ársfjórðungs - til kynningar
3. Staðfesting á samningi við innri endurskoðanda - til afgreiðslu
4. Heimild til lántöku 2026 - til afgreiðslu
5. Framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Hækkun á EIF samkomulagi - til afgreiðslu
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Önnur mál
10. Samanburður á fasteignagjöldum - til kynningar
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. ICAAP skýrsla 2025 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ICAAP skýrsla 2025 umsjónarmanns áhættustýringar sem EHP kynnti.

Til máls tóku VÞÁ, HÓ og AME.

Formaður bar ICAAP skýrslu 2025 upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Áhættuskýrsla fyrsta ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla fyrsta ársfjórðungs 2026 sem EHP kynnti. Eru allar áhættur innan þeirra marka sem sett eru í áhættustefnu.

Til máls tóku allir stjórnarmenn og AME.

EHP vék af fundi.

3. Staðfesting á samningi við innri endurskoðanda - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs, fundargerð 93. fundar endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar auk útboðslýsingar á innri endurskoðun fyrir Byggðastofnun sem MH og MS kynntu.

Í kjölfar útboðs var tilboð PwC talið hagstæðast og leggur endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til við stjórn að gengið verði til samninga við PwC á grundvelli tilboðs þeirra í innri endurskoðun fyrir Byggðastofnun.

Lagt er til að stjórn Byggðastofnunar samþykki ráðningu PwC sem innri endurskoðenda Byggðastofnunar rekstrarárin 2026-2030 og veiti forstjóra heimild til að skrifa undir samning við PwC þar að lútandi.

Til máls tóku HI, HÓ og HGÓ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

4. Heimild til lántöku 2026 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs þar sem óskað er eftir heimild til forstjóra Byggðastofnunar til að skrifa undir skuldabréf frá Endurlánum ríkissjóðs á grundvelli lántökuheimildar sem stofnunin fékk í fjárlögum 2026.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra eða staðgengli forstjóra að undirrita skuldbréf vegna lántöku stofnunarinnar hjá Endurlánum ríkissjóðs að fjárhæð allt að 5,0 milljarðar króna á árinu 2026, byggt á heimild í fjárlögum 2026 með lánstíma frá 15 til 20 ára sem geti verið í verð- eða óverðtryggt í íslenskum krónum, evru eða dollar eins og þörf er á.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

5. Framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit um framfylgd jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar sem MH kynnti.

Í úttekt vottunarstofunnar BSI á Íslandi hefur stofnunin fengið staðfest að unnið er samkvæmt jafnréttisáætlun hennar og ekki er um kynbundinn launamun að ræða.

Enginn tók til máls.

6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 12/26-18/26 sem AME reifaði.

Til máls tók HB.

...

7. Hækkun á EIF samkomulagi - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs um breytingu á núverandi samkomulagi við Evrópska fjárfestingabankann (EIF) í tengslum við InvestEU ábyrgðarkerfið sem AME kynnti.

Nú liggja fyrir samningsdrög þar sem eftirfarandi breytingar verða gerðar:

- Lágmarksfjárhæð lánveitinga (Minimum Portfolio Volume - MinPV) er sú lágmarksfjárhæð sem stofnunin þarf að lána á ári til að ábyrgðin verði virk að fullu. Lánveitingar sem heyra undir InvestEU þurfa að ná um 5,9 ma.kr. yfir samningstímann, til 31. desember 2029, til að ábyrgðin verði að fullu virk. Þetta jafngildir um 41 milljón EUR en var áður 13,806 milljón EUR. Ef lágmarkið næst ekki þá minnkar ábyrgðin hlutfallslega og EIF tekur þá minni hluta áhættunnar. Í samningnum er tiltekið lágmarks viðmið (Reference Portfolio Volume) sem er 31,5 milljón EUR eða um 4,5 ma.kr. Ef ekki næst að veita lán sem heyrir undir samkomulagið umfram þá fjárhæð á samningstímanum fellur ábyrgðin niður. Nú þegar er búið að greiða út lán að fjárhæð 2,5 ma.kr. sem heyra undir núgildandi samkomulag.
- Ábyrgðarhlutfall getur orðið allt að 50%, þ.e. helmingur af lánsfjárhæð er það sem EIF ábyrgist skv. samkomulaginu.
- Hámarksábyrgð verður 31,5 milljón EUR eða allt að 4,5 ma.kr. Ef miðað er við 50% ábyrgð þá geta þetta verið heildar útlán að fjárhæð rúmlega 9 ma.kr. en var áður um 3,2 ma.kr.
- Hámarksfjárhæð einstaka lánveitingar var allt að 2 milljón EUR en verður 2,2 milljón EUR eða um 316,4 m.kr.
- Samningstími er til 31. desember 2029. Gildistími ábyrgðarinnar er til ársloka 2041.

Lagt er til að stjórn veiti forstjóra heimild til að ganga til samninga við EIF um breytingar á núverandi samkomulagi.

Einnig er lagt er til að lánaflokkurinn lán til viðkvæmra byggðarlaga verði útvíkkaður tímabundið til 31. desember 2027 þannig að Seyðisfjörður falli þar undir.

Til máls tóku HI, HB, HGÓ og SRH.

Formaður bar ofangreindar tillögur upp til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 30. apríl 2026 sem SEP kynnti.

Til máls tóku MS, AME, HI og VPÁ.

9. Önnur mál

....

10. Samanburður á fasteignagjöldum - til kynningar

ÞS kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti nýja skýrslu um samanburð á fasteignagjöldum 2026.

Til máls tóku MS, HI og HGÓ.

ÞS vék af fundi.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður 26. júní nk. og verður það fjarfundur.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:12.

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson